

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 234/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurði Pétri Sigurðssyni(Kristján Stefánsson hrl.) **og****Þorra Jóhannssyni**

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Ólögleg meðferð á fundnu fé. Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk beggja ákærðu með stefnu 30. júní 1995.

Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson vísar til a- til c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar, sem verði skilorðsbundin.

Af hálfu ákærða Þorra Jóhannssonar var í greinargerð til Hæstaréttar sett fram sú eina krafa, að refsing hans yrði skilorðsbundin að öllu leyti. Við munnlegan málflutning fyrir réttinum krafðist verjandi ákærða þess aðallega, að ákærði yrði sýknaður, en fyrrnefnd krafa hans varð varakrafa. Með hliðsjón af bréfi ákærða til ríkissaksóknara 5. júní 1995 verður að líta svo á, að hann hafi viljað áfrýja málinu í heild.

Einn dómfelldra í héraði unír dómi.

Ágreiningslaust er, að í ákæru 10. janúar 1995 á stund brotsins að vera síðari hluti sunnudagsins 26. júní 1994, en ekki aðfaranótt hans, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð sakavottorð beggja ákærðu. Frá uppsögu héraðsdóms hefur ákærði Sigurður Pétur verið dæmdur til 60 daga varðhalds fyrir ölvunarakstur og akstur án ökuréttar. Ákærði Þorri hefur hlotið tvo dóma, sem báðir fela í sér hegningarauka við þetta mál, annan vegna líkamsárásar og hinn vegna fíkniefnabrots.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi byggist sönnunarmat héraðsdómara fyrst og fremst á munnlegum skýrslum ákærðu og vitna. Eru ekki efni til aðgerða af því tilefni, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður héraðsdómur því staðfestur með skírskotun til forsendna hans. Með hliðsjón af aðstæðum og sakaferli ákærðu þykir hvorki rétt að skilorðsbinda refsingu ákærða Sigurðar Péturs að nokkru leyti né refsingu ákærða Þorra frekar en gert er í héraðsdómi.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Sigurður Pétur Sigurðsson og Þorri Jóhannsson, skulu sameiginlega greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson skal greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Ákærði Þorri Jóhannsson skal greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 1995.

Ár 1995, mánudaginn 13. mars, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 49/1995: Ákærvaldið gegn Sigurði Pétri Sigurðssyni, Þorra Jóhannssyni og X í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, hinu fyrra dagsettu 10. janúar sl., en hinu síðara 31. s. m.

Fyrri ákæra á hendur Sigurði Pétri Sigurðssyni, Unufelli 20, Reykjavík, kt. 301071-4349, fyrir ólögmeta meðferð fundins fjár með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 26. júní 1994 slegið eign sinni á 12 áfengisflöskur og 38 vindlingapakka, sem hann kveðst hafa fundið í runna við Alþingishúsið í Reykjavík.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Síðari ákæra er á hendur Sigurði Pétri, X og Þorra Jóhannssyni, Hringbraut 54, kt. 250163-6579, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 10. október 1994 að Dugguvogi 12 í Reykjavík í félagi stolið segulbandstæki, tónjafnara, tveimur plötuspilurum, tveimur geislaspilurum, tveimur hljómmögnurum, tveimur hátölurum, tveimur heyrnartólum og 500 geisladiskum, alls að verðmæti um 1.150.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Málin voru sameinuð við þingfestingu 17. febrúar sl.

Ákærðu hafa ekki gengist við sakargiftum. Sigurður Pétur kannast ekki við að hafa slegið eign sinni á þau verðmæti, sem um ræðir í fyrri ákæru. Þorri kannast við staðreyndir málsins, eins og þeim er lýst í sakargögnum, en neitar þjófnaðarásetningi.

Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

I. Ólögleg meðferð á fundnu fé.

Sunnudagsmorguninn 26. júní sl. milli kl. 7 og 10 var brotist inn í Kaffibarinn að Bergstaðastræti 1 og stolið þaðan áteknum áfengisflöskum og vindlingum. Um kvöldið kl. 22.26 fann lögreglan þýfið bak við Naustskjallarann og lagði hald á það. Ákærði Sigurður Pétur gaf sig fram sem eiganda þess, og var hann handtekinn, grunaður um þjófnaðinn. Sagði hann í fyrstu, að sér hefði verið gefið það, en síðan, að hann hefði fundið það í garði Alþingishússins. Vitnið Jón Benjamín Einarsson, sem var handtekinn með ákærða, sagði lögreglu, að Sigurður Pétur hefði heimsótt sig um kl. 22.00 um kvöldið og þeir síðan farið saman vestur á Vesturgötu, þar sem Pétur gekk að áfenginu og tóbakinu í bakgarði. Þeir hafi síðan falið það bak við veitingahúsið Skipperinn, meðan þeir fóru þangað inn og nutu veitinga. Þegar þeir komu út aftur, fundu þeir það í vörslum lögreglunnar við Naustið, eins og áður segir. Þýfinu var skilað eiganda Kaffibarsins 20. júlí sl.

Hér fyrir dómi hefur ákærði Sigurður Pétur sagst hafa farið inn í Alþingisgarðinn seinni part sunnudagsins, undir kvöld, til að létta á sér og fundið þar tvo plastpoka með áfengi og tóbaki, farið með þá að Vesturgötu og komið þeim fyrir í porti, farið til vinar síns, Jóns Benjamíns, þeir sótt pokana, farið með þá að Skippernum, skilið þá eftir fyrir utan og fengið sér þar bjór. Þegar þeir komu út, voru pokarnir horfnir. Fóru þeir þá að svipast um eftir pokunum og fundu þá við Naustið, en voru þar handteknir, aðallega

vegna ölvunar. Hann kveðst hafa verið á fyllirí á laugardagsnóttina og fram á sunnudag og dvalist hjá vini sínum í Fischersundi. Hann telur sig hafa haft munina undir höndum rúman klukkutíma, en ekkert notað af þeim. Hann kveðst ekki telja neitt frekar, að hann hafi slegið eign sinni á þýfið. Að gefnu tilefni frá verjanda sínum segist hann myndu hafa komið því til skila, ef hann hefði haft svigrúm til þess. Hann hefur staðfest skýrslu, er hann gaf hjá lögreglu 27. júní sl.

Jón Benjamín Einarsson hefur borið vitni. Hann segist hafa hitt Pétur á laugardagskvöldið og verið með honum fram eftir nóttu. Eftir það fór hann heim, en Pétur hringdi á sunnudagsmorguninn og bauð honum að Fischersundi 3. Þar var haft um hönd áfengi, sem hann álitur að Pétur og húsráðandi hafi átt. Hann fór síðan aftur heim að leggja sig, en Pétur kom heim til hans um kvöldið, og fóru þeir út saman. Pétur sótti poka og hjól á Vesturgötu. Síðan fóru þeir á Skipperinn og skildu hjól og poka eftir fyrir utan. En er þeir komu út, var hvort tveggja horfið. Svipuðust þeir þá um í hverfinu, en þar tók lögreglan þá og hafði þá fundið munina. Vitnið segir, að hann hafi ekki verið mikið undir áhrifum á sunnudagsmorgun, en um kvöldið, þegar þeir fóru á Skipperinn, var hann mikið undir áhrifum. Hann segist ekki geta tjáð sig um Pétur. Vitnið staðfesti skýrslu, er það gaf hjá lögreglu 27. júní 1994, með athugasemdum. Hann segir, að ekki sé rétt eftir sér haft, að hann hafi séð áfengið, sem lögreglan tók áður í Fischersundi. Hann kveðst hafa gert athugasemd við þetta, en lögreglumaðurinn ekki talið það skipta máli. Vitnið vildi ekki staðfesta fyrir dómi, að Pétur hefði verið með talsverðar áfengisbirgðir og boðið viðstöddum.

Pétur kvaðst ekki hafa veitt Jóni Benjamín af víninu, sem hann fann fyrir um daginn.

Matthías Haraldsson Johannessen, sumarafleysingamaður í lögreglunni, segist hafa verið kallaður ásamt öðrum lögreglumanni að Naustinu og komið þar að reiðhjól og poka með áfengi. Þeir hefðu tekið áfengið og kallað eftir aðstoð við að taka hjólið. Þá hefðu ákærði Pétur og vitni Jón Benjamín komið og gert tilkall til munanna. Þeir hefðu verið mjög drukknir og verið fluttur á lögreglustöðina ásamt mununum.

Sigurður Reynir Þórarinnsson, starfsmaður í stjórnstöð lögreglunnar, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði verið sendur að Naustskjallar-anum ásamt Matthíasi vegna hluta, sem þar voru. Þeir hefðu fundið hjól og poka með áfengi og tóbaki og fært á lögreglustöðina, en hann aldrei séð ákærða í sambandi við þessa aðgerð.

Þegar þess er gætt, sem hér hefur verið rakið um meðferð ákærða á þýfinu og að hann hélt fram eignarrétti sínum á því við lögregluna í stað þess

að afhenda það í samræmi við réttarvenju um meðferð fundins fjár og varð tvísaga um heimildir sínar á því, þykir fullsannað, að ákærði hafi slegið eign sinni á hina stolnu muni, eins og lýst er í ákæru. Saga ákærða um fund þýfisins er ósennileg, en hvernig sem hann komst yfir það, þykir ljóst, að ekki gat leynst fyrir honum, að það var illa fengið. Ber því að refsa honum fyrir auðgunarbrot samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og þykir mega fallast á það með ákæruvaldinu, að heimfæra megi brotið undir 246. gr. laganna.

II. Innbrot og þjófnaður.

Ákærði Sigurður Pétur kom í heimsókn til Porra um kl. 1.00 aðfaranótt mánudagsins 10. október sl., en þar var X fyrir. Þaðan héldu þeir allir saman í bíl, sem X hafði ráð á. Um kl. 2.46 um nóttina tilkynnti vaktmaður lögreglu um þrjá grunsamlega menn, sem voru að bera varning út í bílinn frá Dugguvogi 12. Sá hann einn þeirra hlaupa burt, en hinir tveir óku burt á bílnum. Þeir Porri og X voru síðan handteknir á bílnum á mótum Skeiðarvogs og Suðurlandsbrautar með þýfið, sem lýst er í ákæru. Sögðust þeir hafa farið á innbrotsstaðinn með Pétri, sem sagði þeim, að hann hefði verið í vinnu á brotsstaðnum og ætti þar inni óuppgerð laun. Hann hefði talað um að taka sér þar greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu og áfengi, sem þeir ætluðu að neyta saman. Þeir Pétur og Porri hefðu farið inn í húsið, – Pétur opnað útdyr með lykli, – og síðan inn í veitingasal. Hefði Pétur látið þar greipar sópa og borið síðan það, sem hann tók, út úr húsinu og inn í bílinn, en X hjálpað til að ferma bílinn. Þegar vart varð mannaferða, hefði Pétur sagt félögum sínum að aka brott, en hlaupið sjálfur af vettvangi. Vaktmaðurinn lýsti þeim svo, sem hann sá hlaupa burt, að hann hefði vírst yngri en hinir, grannvaxinn, um 180 cm á hæð, skolhærður, stuttklipptur og klæddur gráleitum, hálsíðum frakka. Þessi lýsing samrýmist því, að þar hafi Sigurður Pétur verið á ferð.

Lögreglan fann merki um, að brotist hefði verið inn um salardyrnar. Sagði Sigurður Pétur lögreglu 12. október, að X hefði ekið sér beint heim frá Porra, og kvaðst ekkert vita um innbrotið. Í ljós kom, að hann hafði aldrei unnið í veislusalnum, sem brotist var inn í, og að sögn veitingamannsins átti enginn að hafa lykil að salnum annar en hann sjálfur. Tók hann við hinum stolnu munum 10. október, en taldi vanta einn míkrofón, að verðmæti 20.000 kr.

Hér fyrir dómi sagði Sigurður Pétur, að hann hefði farið með meðákærðu af Bíóbarnum heim til Porra og dvalist þar í 5–10 mínútur. Þar hefðu orðið deilur milli þeirra félaganna, sem lauk með því, að X ók

ákærða heim til hans á Óðinsgötu um kl. 1.30. Hann kveðst ekki eiga hálf-síðan, gráleitan frakka, en vera 180 cm á hæð.

Porri segir, að þeir X hafi setið að drykkju ásamt Ægi Guðmundssyni á Hringbraut nr. 54, þegar Sigurð Pétur, sem X hafði nýlega kynnst, bar að milli kl. tólf og eitt um nóttina. Þá var orðin þurrð á víni og rætt um að úr vega meira. Pétur sagðist hafa lykлавöld að bar, þar sem ákærða skildist, að hann hefði starfað og þekkti til. Þeir fóru síðan þrír saman í bíl, sem X hafði ráð á, inn í Dugguvog, og fór ákærði inn með Pétri á nr. 12. Pétur opnaði útidurnar með lykli og fór upp. Ákærða dvaldist niðri, en þegar hann kom upp, var Pétur búinn að opna salardyrnar. Tíndi ákærði áfengi í tösku, en Pétur fór að fást við hljómtæki og losa þau og setja geisladiska í töskuna. Hann segist hafa spurt ákærða Pétur, hvað hann ætlaði að gera við „græjurnar“, en Pétur sagst eiga inni hjá eigandanum og ætla að taka „græjurnar“ í „pant“ og að tryggingarnar myndu borga. Ákærði kveðst ekki hafa verið ánægður með þetta og ekki viljað, að þessir munir væru bornir heim til sín. En Pétur sagðist ætla með þá í sumarbústað móður sinnar. Ákærði segist hafa borið töskuna út og haft tal af X, en Pétur var inni á meðan. Það varð að ráði, að þeir X óku burt, hringsóluðu um Vogahverfið, en tóku loks þá ákvörðun að fara aftur á vettvang og vitja um Pétur. Þá var hann búinn að bera út „slatta af græjum“. Þeir lögðu bílnum þar að og hjálpuðu Pétri við að setja munina í bílinn að hans ósk. Pétur sagði þeim síðan að flýta sér burt, og það gerðu þeir, en hann hvarf skyndilega. Þeir voru síðan stöðvaðir af lögreglu.

Ákærði kannast ekki við neinar deilur milli þeirra félaga. Hann segir, að Pétur hafi verið í grábrúnum taufrakka. Hann áréttar, að tilgangurinn með förinni hafi einvörðungu verið áfengisöflun af sinni hálfu.

Borin er undir ákærða skýrsla, er hann gaf hjá lögreglu. Skýrsluna staðfestir hann með þeirri athugasemd, að ekki sé rétt, að hann hafi borið fleira en töskuna niður, og telur, að um misskilning sé að ræða.

X kveðst hafa verið heima hjá Þorra og Þorri verið við drykkju, þegar Pétur kom, en þá var vínið þorrið. Pétur sagðist þá geta útvegað meira, og ók vitnið Þorra og Pétri að Dugguvogi 12. Þar fóru þeir inn, en ákærði beið í bílnum. Kom Þorri þá út með áfengi í tösku. Leist þeim nú ekki á blikuna og óku um stund um Vogahverfið, en komu síðan aftur í Dugguvoginn. Var Pétur þá búinn að bera út dót, sem ákærði vissi ekki, hvað var. Aðspurður sagðist Pétur eiga þetta hjá eigandanum. Var nú dótið borið í bílinn, og gerði Pétur það, en Þorri hjálpaði honum. Að öðru leyti man ákærði ekki glögg, hvernig dótið komst í bílinn. Þegar bílinn var fullur, hljóp Pétur burt, en ákærði ók af stað. Varð hann þá var við efturför, og stöðvaði lögregla síðan aksturinn.

Lögregluskýrsla var borin undir ákærða, sérstaklega það, að Pétur hefði sagt í upphafi, að hann ætlaði að sækja varning, sem hann ætlaði upp í skuld. Ákærði kannast við að hafa sagt þetta, en telur þetta ekki rétt; þetta hafi ekki komið til orða fyrr en síðar. Honum er bent á framburð Þorra um þetta atriði og segist þá ekki muna þetta glögg. Að öðru leyti staðfesti hann skýrsluna, sérstaklega það, að Pétur og Þorri hefðu farið nokkrar ferðir inn. Ekki man hann, hvernig Pétur var klæddur.

Erlendur Páll Karlsson öryggisvörður segist hafa komið að bíl við Dugguvog 12 og ekið upp að honum. Þá kom maður í gráum, stuttum frakka, stuttklipptur, hlaupandi út úr húsínu með kassa, sem hann kastaði frá sér, reyndi síðan að komast inn í bílinn, en gat ekki og hljóp í hvarf. Bíllinn var gangsettur og honum ekið áleiðis niður Súðarvog. Gerði vitnið lögreglunni viðvart, og stöðvaði hún bílinn.

Guðmundur Ómar Þráinsson aðstoðarvarðstjóri segist hafa verið á vakt, þegar tilkynning kom frá vaktmanni um grunsamlega menn að bera varning út í bíl og að einn þeirra hefði hlaupið burt, en aðrir tveir ekið af vettvangi. Mennirnir voru síðan stöðvaðir við Suðurlandsbraut, og fannst varningur aftur í bílnum og í farangursrými.

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, unnusta Sigurðar Péturs, bar vitni við aðalflutning. Hún segist hafa verið með honum um kvöldið 9. október sl. og gengið með honum að Bíó barnum, en skildi þar við hann um eða upp úr miðnætti. Fór hún að Óðinsgötu 17, þar sem þau búa saman í óvígðri sambúð, en hann kom þar um kl. 1.30 í bíl.

Birna Tómasdóttir, vinkona Bryndísar, segist hafa komið að Óðinsgötu 17 eftir miðnætti 10. október sl. Sigurður Pétur hafi komið þangað skömmu á eftir sér í bláum bíl. Hún kveðst ekki vera skyld Pétri eða tengd.

Spurð um það, hvers vegna hún hefði ekki komið fyrr með upplýsingar um ferðir ákærða, segist Bryndís hafa beðið eftir, að haft yrði samband við sig. Við þingfestingu var málinu frestað til aðalflutnings mánudaginn 27. þ. m., án þess að fram kæmi af hálfu varnarinnar, að óskað væri vitnayfirheyrslna. Þegar til kom, var Pétur ekki við fyrirhugaðan aðalflutning, sem var þá frestað til 9. þ. m. Daginn áður lét ákærði verjanda vita um vitnin. Þegar litið er til sambands ákærða og Bryndísar, þykir ekki fært að treysta framburði hennar sem fjarvistarsönnun. Framburður Birnu þykir fjarri því að vera sannfærandi.

Leggja verður til grundvallar, að ákærðu hafi allir þrír lagt af stað í leiðangur, sem endaði með stórhjónaði, og að þrír menn hafi unnið saman að því verki. Lýsing sjónarvotts á þriðja mannum kemur vel heim og saman við útlit Sigurðar Péturs, og framburður ákærðu X og Þorra samrýmist vel

framburði vaktmannsins. Framburður piltanna virðist og að öðru leyti sennilegur. Með framburði Þorra, X og vaktmannsins, sem samrýmist öðru, sem fram hefur komið í málinu, þykir nægilega sannað, að ákærði Sigurður Pétur hafi brotist inn í veislusalinn að Dugguvogi 12, eins og lýst er í ákæru, og borið þá muni, sem þar er lýst, út í bíl. Meðákærðu aðstoðuðu hann við þetta og tóku þannig þátt í þjófnaðinum og óku síðan burt með þýfið að beiðni Péturs. Þeir gátu ekki gengið þess duldir, að Pétur átti engan rétt á að taka munina. Þykir þannig fullsannað, að ákærðu hafi allir gerst sekir um það, sem þeir eru sakaðir um og rétt er heimfært til refsivíðurlaga í ákæru.

Sönnunarmat styðst að mestu við munnlegar skýrslur ákærðu og vitna.

Sakaferill Sigurðar Péturs hófst árið 1989, þegar hann var 17 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum sjö sinnum, þar af skilorðslausri fangelsisrefsingu samtals í sjö mánuði, fyrir þjófnaðarbrot, fjárdrátt, líkamsárás, húsbrot og ölvunarakstur. Hann hefur auk þess einu sinni sætt sektarrefsingu fyrir fíkniefnabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Hinn 16. apríl sl. hlaut ákærði reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 60 dögum. Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 42. gr., 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga. Ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnar, og hafa ber í huga, að hann hefur framið innbrot og þjófnaðarbrot í félagi við aðra. Samkvæmt þessu þykir refsing hans hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi.

Ákærði Þorri hefur sætt refsingu alls sjö sinnum, þar af fimm sinnum frá átján ára aldri. Frá þeim tíma hefur hann sætt sektum fyrir brot á áfengislögum og fíkniefnalöggjöf, en aðeins einu sinni verið dæmdur fyrir brot á hegningarlögum, 6. júní 1985, í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir skjalafals. Við mat á refsingu Þorra þykir bera að líta til þess, að langt er um liðið, frá því að hann var síðast fundinn sekur um hegningarlagabrot, en á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því, að ákærði hefur framið innbrot og stórþjófnaðarbrot í félagi við aðra, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, skilorðsbundin að hluta, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði X hefur ekki sætt refsingu fyrr, svo að kunnugt sé. Um sök hans gegnir hinu sama og um sök Þorra, og þykir refsing hans hæfilega metin hin sama og refsing Þorra, en skilorðsbundin að öllu leyti.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurður Pétur Sigurðsson sæti níu mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 kr.

Ákærði Þorri Jóhannsson sæti sex mánaða fangelsi, en fullnustu þriggja mánaða fangelsisrefsingar þar af er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði X sæti sex mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi dómfelldi almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu X og Þorri greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Ragnarssonar hdl., 40.000 kr., að óskiptu.

Annar sakarkostnað greiði ákærðu eins og hér segir: ákærðu allir saman helming að óskiptu, en Sigurður Pétur einn annan kostnað.

Saksóknarlaun, 40.000 kr., greiðist í ríkissjóð.
